

Nefndasvið Alþingis
153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 31 — 31. mál



Reykjavík 31. mars 2023

Efni: Umsögn Dýraverndarsambands Íslands um tillögu til þingsályktunar á tilfærslu dýraeftirlits frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs.

Dýraverndarsamband Íslands (DÍS) styður þingsályktunartillöguna eindregið.

Í nútímasamfélagi ber okkur öllum siðferðileg skylda að hlúa vel að dýrum. Þá liggur sérstök skylda á herðum stjórnvalda að setja velferð dýra og eftirlit með þeim, málleysingjunum, í öndvegi. Að undanfögnu hefur hins vegar verið þung umræða um hvort og hvernig þessu eftirliti sé sinnt. Matvælastofnun (MAST) liggur undir mikilli gagnrýni frá almenningi um að stofnunin bregðist seint og illa við ábendingum um illa meðferð á dýrum.

Tillagan felur í sér að Alþingi ályktar að fela matvælaráðherra undirbúning á tilfærslu eftirlits með velferð dýra frá Matvælastofnun til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs. Dýraverndarsamband Íslands lét nýlega gera úttekt á dýravelferð er snýr að búfenaði og búfjáreftirliti (https://www.dyravernd.is/uploads/9/6/0/1/9601891/sk%C3%BDrsla_b%C3%A6tt_d%C3%BDravelfer%C3%B0.pdf).

Í skýrslu DÍS er leitast við að draga saman hlutverk, verkefni, verklag og skyldur MAST er varða dýravelferð, sem og þau úrræði er MAST hefur í málum tengdum dýravelferð. Lagðar eru fram fjölmargar tillögur til úrbóta, m.a. að aðskilja eftirlit með dýravelferð frá starfsemi MAST og setja á fót Dýravelferðarstofu Íslands undir umhverfisráðuneyti eða í stofnun sem hefur með náttúruvísindi og náttúruvernd að gera.

Með slíkri tilfærslu eykst vægi dýravelferðar sem og að rofin verði hugsanleg hagsmunatengsl matvælaframleiðslu og dýravelferðar. Jafnframt verður meiri greinarmunur á því þjónustuhlutverki sem MAST sinnir núna og eftirlitshlutverki stofnunarinnar. Stjórnsýsla dýravelferðar yrði þannig óháð stjórnsýslu matvælaöryggis. Það er mat DÍS að tilfærsla eftirlits með dýravelferð frá MAST myndi leiða til skilvirkara eftirlits og að almenningur öðlist aftur traust til eftirlits með dýravelferð á Íslandi, að teknu tilliti til þess að slík stofnun sé ekki fjársvelt og stríði við manneklu.

Það þekkest í nágrannalöndum okkar, sem við berum okkur gjarnan saman við, að matvæla- og dýraeftirlit sé aðskilið, þ.e.a.s. hjá sitthvorri eftirlitsstofnuninni.

Enn fremur er í þingsályktunartillögum lagt til að samhliða verði hugað að eftirfarandi aðgerðum til að tryggja dýravelferð:

- a. Embætti yfirdýralæknis verði eftir þannig að það geti unnið sjálfstætt að eftirliti, fræðslu, gagnaöflun og faglegrri stjórnsýslu varðandi dýravelferð.
- b. Stjórnsýsla dýravelferðar verði óháð stjórnsýslu matvælaöryggis.
- c. Valdheimildir til að sinna velferð dýra og til að grípa inn í þar sem er brýn nauðsyn verði auknar.
- d. Úrræði til að bjarga dýrum úr slæmum aðstæðum verði tryggt með fjármagni til að halda úti dýraathvörfum með aðkomu hlutaðeigandi sveitarfélaga.

DÍS tekur undir að nauðsynlegt sé að stórefla hlut dýravelferðar í stjórnsýslunni m.a. með því að auka valdheimildir stjórnsýsluaðila til að taka á erfiðum vanrækslumálum án tafar. Íhuga þarf að færa embætti yfirdýralæknis til annars ráðuneytis í því skyni sem og að tryggja að embættinu sé kleift að sinna öllum dýravelferðarmálum jafnt, hvort sem um er að ræða villt dýr, húsdýr eða gæludýr. Einnig telur DÍS nauðsynlegt að eftirlit með dýravelferð verði fært úr áhættuflokkun og farið verði í reglubundið eftirlit með búfjárhaldi eins og áður var, það eykur líkur á að vandamál verði greind á frumstigi og virkar fyrirbyggjandi.

Enn fremur er það mat DÍS að leyfisskylda skuli allt búfjárhald. Yrði almenn leyfisskylda tekin upp væri hægt að hugsa sér hana þannig að hún yrði bundin við hvert bú. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir að hægt yrði að flytja leyfi á milli ábúenda á sama búi. Almenn leyfisskylda myndi auðvelda eftirlit og inngríp þar sem útihús væru þar með skilgreind sem atvinnurekstur en ekki sem hluti af heimili fólks.

Með vísan í ofangreint hvetur DÍS stjórnvöld eindregið að bæta eftirlit með velferð dýra og gera málaflaknum hærra undir höfði, m.a. með því að færa eftirlitið til sjálfstæðs dýravelferðarsviðs.

Með vinsemd og virðingu,
f.h. stjórnar Dýraverndarsamband Íslands

Linda Karen Gunnarsdóttir.

Linda Karen Gunnarsdóttir, formaður